

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík  
Ísland

Umhverfisstofnun
Áb. <u>51</u> <u>KG</u>
10. ágú. 2011
<u>8.12.1</u>
Tilv. <u>UST20110800038</u>

## Beiðni um starfsleyfi

Fyrirtækið **Klausturbleikja ehf** kt.660290 1849 Klausturvegi 5 880 Kirkjubæjarklaustri Skaftárhreppi sækir hér með um starfsleyfi fyrir eldisstöð fyrirtækisins sem staðsett er í landi Teygingalækjar í Skaftárhreppi.

Hér með fylgir greinargerð fyrirtækisins samkv.10. gr. reglugerðar nr.785/1999 ( með seinni tíma breytingum, síðast 2005) um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkv. 10. 2 grein:

Bleikjueldisstöð fyrirtækisins í landi Teygingalækjar er landeldisstöð. Þar er eingöngu ræktuð bleikja af íslenskum stofni.

Heildarkerjarými stöðvarinnar er nú 2600 m<sup>3</sup> í 18 misstórum kerjum, þeim minnstu úr trefjaplasi en þau stærri eru úr völsuðu, máluðu alusinki.

Ársframleiðsla stöðvarinnar í dag er um 50 tonn en sótt er um leyfi fyrir allt að 300 tonna framleiðslu.

Allt vatnsrennsli til stöðvarinnar er sjálfrennandi og engu vatni dælt. Vatnið kemur úr lindum í nágrenni stöðvarinnar og úr uppistöðulóni (lindarvatn) sem útbúið hefur verið með stíflumannvirki. Áætlað vatnsrennsli til eldisstöðvarinnar er á bilinu 700 - 900 l/sek. Afrennslið frá kerjunum rennur síðan í 2300 m<sup>3</sup> fellipró sem staðsett er ca.100 m neðan við neðstu ker stöðvarinnar (sbr. teikningu ). Afrennslið frá setþrónni rennur síðan í Eldvatn um 150 m neðar og síðan rennur Eldvatnið í jökulána Hverfisfljót.

Deiliskipulag sbr. áður innsend gögn ( frá Glæði ehf ) hafa áður borist til stofnunarinnar og voru samþykkt af Skipulagsstofnun þann 04.12. 2000.

Staðhættir. Hér er aftur vísað til áður innsendra gagna til stofnunarinnar en þar kemur m.a. þetta fram: Umrætt athafnasvæði stöðvarinnar er við Teygingalæk rúml. 20 km austan við Kirkjubæjarklustur. Svæðið liggur á sandöldum milli tveggja hraunjaðra, þann nýrri úr Lakagígagosinu 1783. Lækur rennur í gegnum svæðið og er hann upprunninn undan hrauninum á ýmsum stöðum. Lækur þessi fellur í Eldvatn ca.150 m neðan við umráðasvæði stöðvarinnar en hann rennur í gömlum farvegi Hverfisfljóts sem flæmdist vestur með Síðunni fyrir gosið 1783 og hafði þá myndað marga farvegi í sandana í gegnum tíðina. Þannig mynduðust farvegir sem eru frá 5 metrum og allt upp í 50 -100 m breiðir. Hæð frá yfirborði lækjar og upp að

aðliggjandi bakka er frá 1 m upp í 3 m hæð. Í einum þessara farvega var síðan reist stíflumannvirki og stöðin byggð þar fyrir neðan.

Þau hráefni sem notuð eru til ræktunar bleikjunnar eru eingöngu viðurkennt hágæðafóður frá innlendum framleiðendum og að sjálfsögðu lindarvatnið. Engin lyf né nokkur hættuleg efni eru notuð við ræktun Klausturbleikjunnar. Það getur yfirdýralæknir fisksjúkdóma vottað.

Byggð hefur verið 2300 m<sup>3</sup> setþró neðan stöðvarinnar (sbr. teikningu) og í hana rennur allt frárennsli kerjanna. Stærð þróarinnar er mun meiri en reglur kveða á um en hún þyrfti að vera ca. 1450 m<sup>3</sup> miðað við 950 l/sek rennsli í gegnum stöðina og miðað við 25 mínútna viðkomutíma vatnsins í þrónni. Mjög vel verður fylgst með fódurnýtingu í stöðinni en það er að sjálfsögðu lyklatríði í rekstri eldisins að ekkert fóður fari til spillis. Fóðurstuðullinn hefur hingað til verið á bilinu 1,1 til 1,35 og er það vel ásættanlegt.

Fóðurleifar og saur. Í bleikjueldinu er áætlað að í mesta lagi 25 - 30% af fóðrinu fari í saur og fóður sem ekki nýtist, miðað við þá fódurnýtingu sem við þekkjum. Þannig falla til árlega ca. 75 - 90 tonn af úrgangi þegar stöðin verður komin í full afköst ( 300 tonn/ári). Þannig er gengið frá setþrónni að aðgengi að henni er auðvelt og því einfalt að dæla upp úr henni með haugsugu og flytja úrganginn burtu. Hann yrði síðan nýttur sem áburður á hálfgróna sanda og nýfallna öskufláka sem því miður er nóg af í umhverfi okkar sem fór einna verst út úr Grímsvatnagosinu sl. vor. Sjálfdauðir og /eða sýktir fiskar eru að sjálfsögðu urðaðir á viðurkenndum sorpurðunarstað Skaftárhrepps.

Engin hitabreyting er á leið vatnsins í gegnum stöðina ( engu heitu vatni blandað lindarvatninu).

Sbr.10. 4. Ýmis gögn voru lögð fram þegar stöðin var byggð til að uppfylla ákvæði laga og reglugerða um mat á umhverfisaðstæðum. Þessi gögn eiga öll að vera til hjá viðkomandi stofnunum.

Sbr.10. 3 Það er mat okkar eigenda Klausturbleikju ehf að þessi samantekt sé á skiljanlegu mannamáli ( lítið tæknimál ) og dugi vonandi til að fleyta umsókn okkar áfram í gegnum kerfið. Við erum að sjálfsögðu tilbúin að veita allar þær upplýsingar sem hugsanlega á vantar sé eftir þeim leitað.

Með vinsemd og virðingu  
Kirkjubæjarklaustri 8. ágúst 2011  
f.h. Klausturbleikju ehf  
Kirkjubæjarklaustri

-----  
Hjalti Halldórsson framkv.stj.

*Birgir Þorriðsson*  
*rektor og hjón*